



# Fornleifaskráning

vegna deiliskipulags  
*við Hafnargötu á Stokkseyri*



Edda Linn Rise,  
Guðlaug Vilbogadóttir  
og Guðný Zoëga

Júlí 2005

2005/5

<b>Efnisyfirlit</b>	
<b>Inngangur</b>	<b>2</b>
<b>Tilgangur fornleifaskráningar</b>	<b>2</b>
<b>Fornleifaskráning og aðferðir</b>	<b>4</b>
<b>Aðferð við skráningu</b>	<b>4</b>
<b>Jarðanúmer</b>	<b>4</b>
<b>Tegund, hlutverk og heiti</b>	<b>5</b>
<b>Lega</b>	<b>5</b>
<b>Staðhættir og lýsing</b>	<b>5</b>
<b>Hættumat</b>	<b>6</b>
<b>Heimildir</b>	<b>6</b>
<b>Heimildamenn</b>	<b>6</b>
<b>Saga jarðanna og fornleifar</b>	<b>7</b>
<b>Náttúrufar og jarðabætur</b>	<b>10</b>
<b>Heimildaskrá</b>	<b>12</b>
<b>Fornleifaskrá</b>	<b>14</b>
<b>Niðurstöður-samantekt</b>	<b>40</b>
<b>Fornleifar í landi Stokkseyrar</b>	<b>40</b>
<b>Fjöldi minja á deiliskipulagssvæðinu</b>	<b>40</b>
<b>Niðurlag</b>	<b>40</b>
<b>Heimildaskrá</b>	<b>41</b>

## **Inngangur**

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Hafnargötu á Stokkseyri, var unnin í júní og júlí 2005 fyrir Sveitarfélagið Árborg að ósk Skipulags- og byggingadeildar sveitarfélagsins Árborgar. Svæðið er um 2 hektarar og er gert ráð fyrir stofnunum, verslun- og þjónustu á þessu svæði, auk þess sem hluti lóðarinnar á Hafnargötu 9 er skilgreindur sem iðnaðarlóð.

Svæðið var skráð á vettvangi 29. júní og 4. júlí og voru allar minjar innan þess skráðar. Viðtal var þá tekið við Grétar Zóphaniásson fyrrum sveitastjóra Stokkseyrar varðandi minjar svæðisins og var hans hjálp ómetanleg, sömuleiðis var tekið viðtal við Pétur Guðmundsson Stokkseyring.

Skráninguna önnuðust fornleifafræðinemar úr Háskóla Íslands þær Edda Linn Rise og Guðlaug Vilbogadóttir fyrir hönd Byggðasafns Árnesinga, undir stjórn Guðnýjar Zoëga fornleifafræðings Byggðasafns Skagfirðinga.

## **Tilgangur fornleifaskráninga**

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

- f. gamlir þingstaðir, meintir hörðgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

### **Fornleifaskráning og aðferðir**

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í gagnagrunninn, Sarp sem sérstaklega er hannaður fyrir fornleifaskráningu.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í *Jarðatali Johnsens* frá 1847

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndir eða teikningar eftir því sem við á. Minjar eru færðar inn á skipulagskort frá Verkfræðistofu Suðurlands. Kort og loftmyndir eru birtar hér með góðfúslegu leyfi Verkfræðistofunnar og Sveitarfélagsins.

### **Aðferð við skráningu**

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

### **Jarðanúmer**

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Stökkseyri - 165571, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt *Jarðatali Johnsens*, 151 í nefndu tilviki. Þar

að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hverrar jarðar; bæjarstæði Stokkseyrar væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Stokkseyri 165571-151-1. Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í *Jarðatali Johnsens* flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

### **Tegund, hlutverk og heiti**

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Jóhannesarklappir, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

### **Lega**

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi kort frá Verkfræðistofu Suðurlands. Hnitin sem gefin eru upp eru í landskerfinu ISN93.

### **Staðhættir og lýsing**

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

## **Hættumat**

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

## **Heimildir**

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

## **Heimildamenn**

Heimildamaður við skráninguna fyrir Stokkseyri var Grétar Zóphaníasson fyrrum sveitastjóri á Stokkseyri.

## **Saga jarðanna og fornleifar**

Í kaflanum um sögu jarðanna og fornleifar er stiklað á stóru um sögu hverrar jarðar. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

## Saga jarðarinnar og fornleifar

### Stokkseyri -165571-151

#### Saga

Stokkseyri er landnámsjörð og er hennar fyrst getið í *Landnámu*. Samkvæmt *Landnámu* kom Hásteinn Atlason á land í Hásteinssundi austan Stokkseyrar og nam Stokkseyrarhrepp (SB II:196). Bókum kemur þó ekki saman um það hvar Hásteinn bjó en *Sturlubók* segir hann hafa búið á Stjörnusteinum en *Hauksbók* segir hann hafa búið á Stokkseyri og að Ölvir sonur hans hafi búið á Stjörnusteinum (ÍF I: 371, 173). Í bókinni *Íslenzkir sögustaðir* eftir Kálund er Hásteinn nefndur Hallsteinn og sunðið Hallsteinssund. Landið sem hann nam var milli Rauðár og Ölfusár allt til Fúlalækjar (Kálund:127). Nafnið Stokkseyri er sennilega komið af því að þar komu setstokkar Hásteins í land (GJ:56). Landnám Stokkseyrar hefur líklega átt sér stað árunum 900-910 (Bólstaðir og búendur:126).

Stokkseyri hefur oft komið fyrir í heimildum t.d. í *Sturlungu* en samkvæmt henni bjuggu á Stokkseyri Björn Þorvaldsson og Hallveig Ormsdóttir (I:271). Sennilega kemur svo Stokkseyri næst fyrir í máldaga Gaulverjabæjarkirkju en menn geta sér þess til að máldaginn sé frá um 1220. Þá bjó þar Eyjólfur Ásgrímsson (DI I:403). Næst birtist Stokkseyri reglulega í fornbréfunum. Þann 27. 9. 1465 samþykkti Jón Sæmundsson kaup móður sinnar á Stokkseyri. Kaupin virðist hafa dregið dilk á eftir sér því ári síðar kannaðist Sigríður ekki við þá fullyrðingu sonar síns að hún hafi eftirlátið honum hluta jarðarinnar (DI V:451, 463). 24. júní árið 1471 kaupir Jón Ólafsson hálfu Stokkseyrarjörðina og alla Ásgautsstaði af Árna Sæmundssyni fyrir Belgsstaði og tuttugu hundruð í Drambholtssstöðum í Biskupstungum (DI V:618-619). Árið 1545 „Geck domur j mille Sæmundar Eiríkssonar og gunnars a stokkseyri vm það fiorufar eins mannz sem kirkjan j asi aa i stokkseyrarfioru og gunnar hefur hindrat ad sæmundur hefur ecki fengid, dæmdizt schallhollzkirkju. xv. Merkur“ (DI XI:419). 13 árum síðar er kemur jörðin aftur fyrir í heimildum en þá keypti Sigurður Bjarnason Stokkseyri af Ragnheiði Björnsdóttur (DI XIII:344). Árið 1703 var Stokkseyri tvíbýlisjörð og á öðrum helmingnum bjuggu Guðmundur Jasonarson Vest og Þórdís Markúsdóttir kona hans ásamt 5 börnum þeirra, vinnumanni, smala, þremur vinnukonum og tveimur niðursetningum. Á hinum helmingnum bjuggu Eyvindur Guðmundsson og Iðunn Jónsdóttir ásamt fjórum börnum sínum, föður Eyvindar, tveimur vinnukonum og niðursetningi. (Manntal 1703: 513). Í samanburði við fjölskyldustærðir annarra býla í Stokkseyrarhreppi á sama tíma, þá eru fjölskyldur þessar mjög stórar. Nokkrum árum síðar árið 1729 bjuggu á öðrum helmingnum Guðrún Guðmundsdóttir, dóttir Guðmundar Jasonarsoar Vest ásamt manni sínum Jóni Sveinssyni, barni þeirra, fjórum vinnuhjúum og ómaga. Á hinum helmingnum bjuggu Sturlaugur Álfsson og Ása Jónsdóttir ásamt fjórum börnum sínum (Manntal 1729:596-7). Árið 1801 bjuggu á öðrum helmingnum hjónin Jón Ingimundsson og Guðrún Einarsdóttir ásamt fjórum börnum, vinnukonu og móður Guðrúnar. Á hinum helmingnum bjuggu hjónin Jón Gamalielsson og Sigríður Hannesdóttir ásamt barni sínu, vinnukonu og móður húsbóndans (Manntal 1801:214). Árið 1845 hafa fjölskyldur Stokkseyrar hlutfallslega minkað. Á öðrum helmingnum bjuggu hjónin



Jóhann Bergsson og Guðrún Guðmundsdóttir ásamt vinnukonu og matvinnungi. Á hinum helmingnum bjuggu hjónin Þórður Jónsson og Sigríður Jónsdóttir ásamt börnum hennar þremur (Manntal 1845:219).

Stokkseyri hefur sennilega alltaf heitið Stokkseyri en svæðið sem Stokkseyri er á gekk undir nafninu Eyrar lengi vel, nú á það helst við um strönd Eyrarbakka (GG, Árnessýslu:58). Talið er að nafnið Stokkseyri hafi verið valið vegna þess að þar komu setstokkar Hásteins á land. Sagt er að þeir hafi komið í Stálfjöru og enn í dag er stór klettur áfastur landi undan Vestara Íragerði sem í enn í dag heitir Stál (Bólstaðir og búendur:126).

Stokkseyri virðist alltaf hafa verið stórbýli og var jörðin í bændaeign frá siðaskiptum og fram undir lok 18. aldar. Það var fyrir árið 1700 að Stokkseyri varð tvíbýlisjörð og var því þannig háttáð meðan búið var á jörðinni að fornum hætti (Bólstaðir og búendur:2-3). Í Rekaskrá Skálholtskirkju frá 1270 segir: „Kirkian i skalholti a. x. j rekanum er liggur... og þann sem liggur fyrir Stokseyre. a Eyrarbakka i millum Dyra löns. og Stjörnustein og sionhending fram j olldurife. að vundannteknum so störum hual sem aller heimamenn af einfolldu bue a Stokseyre med einum eyk giæte af stad hrætt. og allann vid tueggia alna langann millum snida. og þadan stærra“ (DI II:75). Guðni Jónsson sagði „Í rekaskrá Skálholtsstaðar frá því um 1270 er talað um heimamenn á einföldu búi á Stokkseyri, og eru þau ummæli endurtekin í dómi um rekaréttinn frá 1439, sem áður er getið. Virðast þau gefa til kynna að um fleiri en eitt bú að Stokkseyri hafi verið að ræða. Einbýli hefir þó með vissu verið þar í fornöld og eins á dögum nokkurra stóreigamanna, sem áttu alla jörðina, ...“ (Bólstaðir og búendur:126) (DI IV:590). Á 14. og 15. öld koma hjáleigur til sögunnar í byggðasögu landsins. Hjáleigur Stokkseyrar hafa ávalt verið fjölda margar en í *Jarðatali Johnsens* voru þær: Kaðlastaðir, Grímsfjós, Ranakot, Hóll, Móhús vestari, Móhús eystri, Dvergasteinar, Starkaðarhús, Roðgúll, Símonarhús, Gata, Gerði (Gerðar), Vestara Íragerði, Eystra Íragerði, Hellukot, Kumbaravogur, Rauðarhóll vestari, Rauðarhóll eystri, Stokkseyrarsel vestara og Stokkseyrarsel eystra (JJ:60). Árið 1708 voru hjáleigurnar örlítið fleiri en þá voru að auki hjáleigurnar Töpp, Beinateigur, Hvíld og Hviða. Roðgúll gekk þá líka undir nafninu Vatnsdalur, Íragerði var skráð sem Ýragerði, Móhúsinn voru skráð sem litlu og stóru Móhús en ekki vestari og eystri og sömuleiðis var Rauðarhóll skráður ekki vestari og eystri heldur Rauðarhóll og Litli Rauðarhóll (JÁM II:59-68).

Á seinni hluta 19. aldar varð veruleg breyting til bóta en þá komust jarðir Stokkseyrar aftur í bændaeign þegar hver bóndi á fætur öðrum keypti ábýlisjörð sína og gerðist sjálfseignarbóndi. Árið 1952 höfðu öll gömlu lögbýlin í Stokkseyrarhreppi sem enn voru í byggð, verið í sjálfsábúð um nokkurt skeið, að undanskildum jörðunum Stokkseyri og Syðra-Seli, sem orðið höfðu eign ríkisins á síðustu tveim áratugum (Bólstaðir og búendur:4) Fjöldi Stokkseyringa var árið 1896 55 manns og til samanburðar bjuggu á Stokkseyri 464 einstaklingar árið 2004. Flestir bjuggu á Stokkseyri árið 1920, en þá voru íbúarnir 742 talsins ([www.stokkseyri.is](http://www.stokkseyri.is)). Íbúar alls Stokkseyrarhrepps voru árið 1831 106 talsins en voru 102 árið 1840 (SSÁ: 32, 37). Auk hjáleiga og þurrabúða á Stokkseyri voru þar fjöldi verbúða, en verstaðan þar þótti sæmileg og byrjaði um kyndilmessu og var til Hallvarðsmessu (Bólstaðir og búendur:126). Stokkseyri bar samkvæmt Finni Magnússyni svip árstíðabundinnar verstöðvar fremur en eiginlegs þorps (Finnur Magnússon 1986:170) og voru árið 1890 hvorki meira né minna en 46 verbúðir en það ár voru þær flestar (Oddur Oddsson

1941:11). Hvenær menn hófu róðra frá Stokkseyri er ekki vitað en sennilega var það um leið og þar hófst byggð. Lúðvík Kristjánsson telur þó að þar hafi ekki verið verstöð fyrr en á 18. öld (Lúðvík Kristjánsson 1982:35). Sel voru einnig í eigu Stokkseyrarbænda en Eyjólfur Þorvaldsson var sá bóndi er á árunum 1520 til 1532, tók fyrstur upp selstöðu í Stokkseyrarseli (Bólstaðir og búendur:130) Sennilega var tvíbýli á Stokkseyri á þessum tíma en selin voru tvö talsins (Bólstaðir og búendur:126). Það var svo árið 1926 að stór bruni varð á Stokkseyri og brunnu þar sjö hús, en öll stóðu þau á blettinum þar sem frystihúsið Hólmaröst er í dag (Helgi Ívarsson. 7. júlí 2005).

Nokkuð óvenjulegt má telja að eftir að Jón sýslumaður Ólafsson keypti Stokkseyri var jörðin í eigu sömu ættar þar til á síðara hluta 18. aldar, en hálf jörðin allt til ársins 1924 eða í samfleytt 460 ár. Nefnist þessi ætt í fyrstu Klofaætt, en sú grein hennar, sem átti Stokkseyri og sat þar öldum saman, nefnist Stokkseyrarætt“ (Bólstaðir og búendur:117)

Á Stokkseyri hefur verið löggiltur verslunarstaður síðan 1884 og óx þar upp kaupún fyrir aldamótin 1900 og er enn í dag. (Bólstaðir og búendur:115-116). Auk þess að vera kaupstaður, þá var verstöð á Stokkseyri og þingstaður Stokkseyrarhrepps allt frá fornöld (SSÁ: 26) sömuleiðis var Stokkseyri kirkjustaður (JÁM II:59-68). Kirkjan birtist fyrst í heimildum í *Kirknatali Páls Jónssonar biskups* frá 1200. Stokkseyrarkirkja var Mariúrkirkja í kaþólskum sið og var bændakirkja til ársins 1886 en þá tók söfnuðurinn við henni. Kirkjan sem í dag stendur er fimmta timburkirkjan sem byggð hefur verið og var hún reist árið 1886. Yfirsmiðurinn var Jón Þórhallason frá Eyrarbakka. Fyrsta timburkirkjan á Stokkseyri var reist árið 1752 af Brynjólfi Sigurðssyni sýslumanni í Hjálmholti. Þjóðtrú var tengd kirkjunni og var hún á þann veg að skip áttu ekki að farast á réttu sundi ef rekatré væri í sundmerkinu og ef kirkjan stæði opin. Lengi fram eftir 20. öldina var sá siður viðhafður að hafa kirkjuna opna þegar bátar voru á sjó í vondu veðri (<http://www.arborg.is/template2.asp?id=360>).

### Náttúrufar og jarðabætur

Árið 1686 var jarðardýrleiki Stokkseyrar 60 hdr (BL:103), árið 1847 var dýrleikinn 50, landskuldin 5 og kúgildin 18 (JJ:60) og árið 1708 var jarðardýrleikinn „1x <sup>☼</sup>“ og so tíundast fjórum tíundum“ (JÁM II:59). Kvaðir voru á öðrum helmingi Stokkseyrarjarðarinnar árið 1708 og voru skipsáróður um vertíð heima á Stokkseyri og dagsláttur á Seli (JÁM II: 60).

Til eru tvö túnakort af Stokkseyri frá árinu 1920, annað af vesturtúni og hitt af austurtúni. Samkvæmt þeim var vesturtúnið 1,3 ha að stærð, allt slétt. Á því túnakorti má sjá þrjú íbúðarhús. Austurtúnið var 0,8 ha og það sömuleiðis allt slétt. Matjurtagarðar voru þar og þeir voru 1864 m<sup>2</sup>. Tvö íbúðarhús eru skráð á það kort og eitt útihús sem ekki er merkt sérstaklega (Túnakort).

Kostir og ókostir jarðarinnar árið 1708 voru skráðir svo í *Jarðabókinni*: „Afrjettur ut supra. Torfrista og stúnga næg, þó erfið til að sækja. Móskurður til eldiviðar hefur verið, meinast vera, en brúkast ei. [...] Reiðingsristu segjast menn heyrt hafa að jörðin eigi í Traðarholtslandi mót fjörfari á Stokkseyrarfjöru, vide Traðarholt. Skógarhögg á jörðin í takmörkuðu plátsi í Búrfelli fyrir ofan Eystrihrepp, sem kallast Stokkseyringur. Var þar áður nægur skógur til kolagjörðar og nokkur til raftviðar, er

nú nærri gjöreyddur síðan Hekla brann síðast og spilti honum og brúkast því sjaldan [...] Túninu grandar til stórskaða sjóargangur með landbroti og grjóts og sands áburði og gánga þar á stórfæður alt í kringum bæinn og yfir alt plátsið, so að ekki kunna menn í burt að komast hættulaust frá bænum, þó vildu, þegar so ber til, og hefur það við borið í manna minni, að sjórin hefur gengið inn í bæinn, og altítt í meðalflóðum að inn gáangi í kirkjugarðinn, stundum kirkjuna. Engjunum grandar sjáfargangur með grjóti og sandi [...] Vatnsbólín fordjarfast oft um vetur og fyrir sjávangangi, þegar sjór ber sand yfir og fyllir brunna af söltu vatni“ (JÁM II:60-61). *Jarðabókin* segir enn fremur að á Stokkseyri sé rekavon í betra lagi, sölvafjara næg, fjörugrös „ut supra á Skipum“ og að hrokkelsatekja hafi verið á jörðinni (JÁM II:61). „Vidast í mírum hér er mótak, þunnt lag og lélegur eldiviður. Í mólági þessu eru skógarleifar, mest renglur, en þó á stöku stað stofnar 12-15 cm í þvermál. áður en nútíma framræsla hófst, [...] Graflækir og forarkeldur voru mikill farartálmi og þrotlaus vinna að brúa þetta með spýtum og torfi. Í vætutið myndaðist ótræði við þetta, brýrnar tróðust sundur, urðu götóttar og ófærar“ (SB II:176).

Síðan um 1560 er til vitnisburðarbréf um landamerki Stokkseyrar, Hrauns og Háeyrar: „Eg Oddur Grijmsson barnfæddur og uppallinn í Suluholti í Villingaholtshreppi en alla mína daga í Flóa verid... hefe og bued. 5 ár á Skumstöðum í Stockseyrarhrepp og svo 16 ár á Hraune. Þá vissa eg ei önnur landamerke vera og verid hafa í millum Stockseyrar og Hrauns. helldur en ad sa gardur ætte ad ráda sem geingur af síáarböckunum og upp ad myrinne í millum Stockseyrarsels og Hrauns, og so sionhending a Breidamyre“ (DI XIII:562).

Landamerki Stokkseyrar voru árið 1842 þessi: „Stokkseyrarhreppur liggur neðst með sjávarsíðunni (þeim svonefnda Eyrarbakka) og svo vestur með Ölvesárósi, frá því hún fer að beygjast til suðurs. Hreppur þessi er lagaður sem þríhyrningur, og takmarkast hann af sjónum og Ölvesárósi að neðanverðu, að norðvestanverðu af Sandvíkurhrepp, og að suðaustan af Gaulverjabæjarhrepp. Það horn hreppsins, sem efst er, nær næstum því upp undir Hróarsholt, hvar kalla má að allir Flóahreppar nærfeilt komi saman. Allir þessir 5 svonefndu Flóahreppar eiga þingstað á Hróarsholti, sem liggur mitt í allri sveitinni, þannig að enginn bær á 2 mílur vegar á þingstaðinn“ (SSÁ: 26).

## Heimildaskrá

*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843.* 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* II. bindi. Gefin út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn.

Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers.* W.F. Salisbury þýddi. Lund University, Lundur.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn.* Fyrsta bindi. 1857-1876. Gefið út af Hinu íslenzka bókmenntafélagi, Kaupmannahöfn.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn.* Annað bindi. 1893. Gefið út af Hinu íslenzka bókmenntafélagi, Kaupmannahöfn.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn.* Fjórða bindi. 1897. Gefið út af Hinu íslenska bókmenntafélagi, Kaupmannahöfn.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn.* fimmta bindi. 1899-1902. Gefið út af Hinu íslenska bókmenntafélagi, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn.* Ellefta bindi. 1915-1925. Gefið út af Hinu íslenska bókmenntafélagi, Reykjavík.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn.* Þrettánda bindi. 1933-1939. Gefið út af Hinu íslenska bókmenntafélagi, Reykjavík.

Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi.* Stokkseyringafélagið gaf út, Reykjavík.

Finnur Magnússon. 1986. „Þurrabúðarmenn og verkamenn um aldamótin 1900. Undirstaða nútíma verkalýðshreyfingar.“ Ritstjóri Inga Lára Baldvinsdóttir. *Árbók Hins íslenska forleifafélags 1985.* Hið íslenska fornleifafélag, Reykjavík.

Gísli Gestsson. 1956. „Árnessýsla milli Hvíár og Þjórsár.“ *Árbók 1956.* Ferðafélag Íslands, Reykjavík.

Guðni Jónsson. 1960. *Stokkseyringa saga.* I. bindi. Stokkseyringafélagið gaf út, Reykjavík.

Heimasíða Árborgar. Slóðin er: <http://www.arborg.is/template2.asp?id=360>

Heimasíða Stokkseyrar. Slóðin er: [www.stokkseyri.is](http://www.stokkseyri.is)

*Íslensk fornrit. I bindi. Íslendingabók og Landnáma.* 1968. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi.* Gefið út af J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Kálund, P. E. Kristian. 1984. *Íslenzkir sögustaðir.* I bindi. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf., Reykjavík.

Lúðvík Kristjánsson. 1982. *Íslenzkir sjávarhættir II.* Bókaútgáfa menningarsjóðs, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1703.* 1924-1947. Ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Gefið út af Hagstofu Íslands, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt.* 1978. Ættfræðifélagið gaf út, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1816.* I. hefti. 1947-1974. Prentað að tilhlutan Ættfræðifélagsins með styrk úr Ríkissjóði, Akureyri.

*Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt.* 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið gaf út með styrk úr ríkissjóði og Þjóðhátíðarsjóði, Reykjavík.

Oddur Oddsson. 1941. *Sagnir og þjóðhættir*. Ísafoldarprentsmiðja H. F., Reykjavík.

*Sunnlenskar byggðir. Flóinn*. II. bindi. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands. [án útgáfust.]

**Sturlunga saga**. I bindi. 1946. Reykjavík.

Túnakort [1920]. *Stokkseyri (vesturtún)*. Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort [1920]. *Stokkseyri (austurtún)*. Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

## Stokkseyri-fornleifaskrá

**165571-151-1**

**Sérheiti:** Stokkseyri.

**Hlutverk:** Bæjarhóll, Bústaður.

**Tegund:** Bæjarstæði

**Staðhættir:** „Nálægt miðju þorpi er kirkjan [2] og rétt vestan við hana, báðum megin vegarins, stóðu gömlu Stokkseyrabæirnir“ (GG:62). 1904: „Lengi hefir bærin þó staðið þar, sem hann er nú, því þá er þar var grafið fyrir kjallara, fyrir fám árum, komu menn niður á ýmsar hleðslur, er sumar lágu svo neðarlega að jafnlágt mundi nú flæðarmáli að hálf-föllnum sjó“ (BJ:9). „Stokkseyri nefndust einu nafni mörg hús, er risu smám saman upp hið næsta Stokkseyrabæjunum gömlu. Hús þessi voru um 15-20 að tölu, og töldust íbúar þeirra eiga heima á Stokkseyri án frekari aðgreiningar. Nú er þó svo komið, að ýmist hafa hús þessi fengið sérstök nöfn eða þau hafa horfið úr sögunni, svo að eftir er aðeins eitt hús, sem kallað er Stokkseyri. Það er Verzlunarhús og áður jafnframt íbúðarhús Ásgeirs kaupmanns Eiríkssonar, er stendur á sama stað sem gamli Stokkseyrabærin (austurbærin)...Hús það, er nú stendur þar, byggði Ásgeir aftur eftir brunann [mikla 1926] og hefir rekið þar verzlun síðan“ (GJ:391). Stokkseyrabæirnir stóðu á lóðinni norðan við Hólmaröst. Austurbærin stóð þar sem bæjarskrifstofur Stokkseyrar standa [2005] en Vesturbærin er kominn undir Hólmaröst. Ekkert er eftir af Stokkseyrabæjunum sem á bæjarhólnum stóðu enda mikið búið að byggja jörðinni og mikið jarðrask orðið síðan. Bæjarhóllinn er ekki ýkja hár en þekur nær allt svæðið milli Kirkju [2] að austan, Eyrarbrautar að norðvestan, Hásteinsvegar að norðaustan og Sjóvarnargarðsins að sunnan.

**Lýsing:** Engar leifar Stokkseyrabæjanna eru sjáanlegar aðrar en bæjarhóllinn sem er mjög lágur og gróðursnauður. Engin gróður vex á hólnum utan við þar sem grasþökur hafa verið lagðar til prýði, annars er hann hulinn steypu, malbiki og mól.

**GPS:** E398436, N371898.

**Hættumat:** Mikil hætta.

**Heimildaskrá:**

Brynjúlfur Jónsson. 1905. „Rannsókn í Árneshöfði sumarið 1904.“ *Árbók hins íslenska forleifafélags*.

Gísli Gestsson. 1956. „Árneshöfði milli Hvítár og Þjórsár.“ *Árbók 1956*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.

Grétar Zóphaniásson. Júní 2005.

Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*. Stokkseyringafélagið, Reykjavík.

Túnakort [1920]. *Stokkseyri (austurtún)*. Stokkseyrarhreppur, Árneshöfði. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort [1920]. *Stokkseyri (vesturtún)*. Stokkseyrarhreppur, Árneshöfði. Þjóðskjalasafn Íslands.

### 165571-151-3

**Hlutverk:** Bæjarstæði, Býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** Íbúðarhús var samkvæmt túnakorti austurtúns Stokkseyrar, þar sem tveir vegir mætast. Ekki reyndist unnt að gera frekari grein fyrir þessu húsi þar sem bæði vantar nafn þess og nákvæma staðsetningu, en sennilegast er þetta austurbær [1] Stokkseyrar ef annar vegurinn (sá lárétti á kortinu) er Stokkseyrarhlaðið [140] sjálft.

**Lýsing:** Allt horfið.

**Hættumat:** Engin hættu.

**Heimildaskrá:**

Túnakort [1920]. *Stokkseyri (austurtún)*. Stokkseyrarhreppur, Árneshöfði. Þjóðskjalasafn Íslands.

### 165571-151-4

**Hlutverk:** Bæjarstæði, Býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** Íbúðarhús var samkvæmt túnakorti Austurtúns Stokkseyrar, um 30 m frá hinu íbúðarhúsinu á túninu [3].

**Lýsing:** Allt horfið.

**Hættumat:** Engin hættu.

**Heimildaskrá:**

Túnakort [1920]. *Stokkseyri (austurtún)*. Stokkseyrarhreppur, Árneshöfði. Þjóðskjalasafn Íslands.

### 165571-151-5

**Hlutverk:** Útihús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** Útihús hefur verið um 2 m frá öðru íbúðarhúsinu á túnakorti Austurtúns Stokkseyrar [3], Ekki er hægt að átta sig á áttum kortsins þar sem norðurátt er ekki sýnd á kortinu.

**Lýsing:** Þrátt fyrir að staðsetning útihússins sé óviss þá er öruggt að minjar þess eru með öllu horfnar, þar sem að þarna er nú þétt byggð.

**Hættumat:** Engin hætta.

**Heimildaskrá:**

Túnakort [1920]. *Stokkseyri (austurtún)*. Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

**165571-151-6**

**Hlutverk:** Bæjarstæði, Býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** Á túnakorti Vesturtúns Stokkseyrar er sýndur vegur sem liggur í gegn um bæinn. Íbúðarhús stendur um 10 m frá öðru íbúðarhúsi [7] sem líka liggur meðfram veginum. Samkvæmt þessu voru húsin sennilega bæði þar sem nú er norðurhlið frystihússins Hólmarastar. GPS punkturinn er tekinn þar.

**Lýsing:** Allt horfið.

**GPS:** E398409, N371946.

**Hættumat:** Engin hætta.

**Heimildaskrá:**

Túnakort [1920]. *Stokkseyri (vesturtún)*. Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

**165571-151-7**

**Hlutverk:** Bæjarstæði, Býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** Á túnakorti Vesturtúns Stokkseyrar er sýndur vegur sem liggur í gegn um bæinn. Íbúðarhús stendur um 10 m frá öðru íbúðarhúsi [6] sem líka liggur meðfram veginum. Samkvæmt þessu voru húsin sennilega bæði þar sem nú er norðurhlið frystihússins Hólmarastar. GPS punkturinn er tekinn þar.

**Lýsing:** Engin hætta.

**GPS:** E398409, N371946.

**Hættumat:** Engin hætta.

**Heimildaskrá:**

Túnakort [1920]. *Stokkseyri (vesturtún)*. Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

## 165571-151-8

**Hlutverk:** Bæjarstæði, Býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** Íbúðarhús hefur verið um 40 m frá öðru íbúðarhúsi á túnakorti vesturtúns Stokkseyrar [7] og 50 m frá öðru íbúðarhúsi [6] á sama túnakorti. Íbúðarhús þetta hefur verið 20 m frá vegi þeim er lá í gegnum Stokkseyri og það hefur staðið hinum megin við götuna miðað við hin húsin [6 og 7]. Nánari staðsetning er óviss.

**Lýsing:** Allt horfið.

**Hættumat:** Engin hætta.

### Heimildaskrá:

Túnakort [1920]. *Stokkseyri (vesturtún)*. Stokkseyrarhreppur, Árnassýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

## 165571-151-13

**Sérheiti:** Þingdalur.

**Hlutverk:** Þingstaður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** „Á annexíunni Stokkseyri er einnig svipuð lægð [þ.e. svipuð og Goðadalur Ár-096:504] rétt við bæinn nefnd Þingdalur“ segir í skýrslu Jakobs Árnasonar frá 1817. 3. 10. 1566: Uppkvaðning dóms um rán, högg og áverka Jóns Björnssonar fór fram á „vm haustid A Stockzeyre A Þingstad riettum...“ (DI XIV:532).

„Þingdalur er nefndur fyrst sem íbúðarhús árið 1907, og bjó Edvald Möller verzlunarmaður þar í fáein ár. Hús þetta var í rauninni skúr eða útbygging, áföst við Ólafshús, er síðar nefndist Helgahús, sjá þar. Þingdalur var annars gamalt örnefni, dregið af því, að þar var hinn forni þingstaður Stokkseyrarhrepps. Hans sér nú enga staði framar, því að dalurinn eða lægðin hefir öll verið fyllt upp smám saman og að fullu, er Alþýðuhúsið var byggt“ (GJ:393).

Bókasafn Stokkseyrar í Gimli [byggt 1921] er staðsett í Þingdal. Alþýðuhúsið [72] var sömuleiðis í eða við Þingdal samkvæmt Guðna Jónssyni (GJ:393).

**Lýsing:** Þingdalur er vestan við fystihúsið Hólmaröst en er þó lítið annað er örnefnið eitt í dag. Þingdalur er í dag engin „dalur“ því fyllt hefur verið upp í hann. Svæðið hallar þó lítilsháttar niður frá Hólmaröst að Gimli. Ekki er hægt að geta sér til um stærð dalsins. Gróðurinn er nær enginn, utan við þar sem grasþökur hafa verið lagðar til fegurðar. Mól, steypa og malbik einkennir svæðið í dag [2005]. Ástandið á dalnum er mjög slæmt, enda hefur þar mikið verið byggt í gegnum tíðina ásamt öðru jarðraski.

**GPS:** E398367, N372717.

**Hættumat:** Mikil hætta.

### Heimildaskrá:

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn*. Fjórtaða bindi. 1944-1949. 1551-1567. Gefið út af Hinu íslenzka bókmenntafélagi, Reykjavík.

Grétar Zóphaniásson. Júní 2005.



Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*.  
Stokkseyringafélagið, Reykjavík.

**165571-151-62**

**Sérheiti:** Baðstofuklettur.

**Hlutverk:** Þjóðsaga, Býli.

**Tegund:** Örnefni.

**Staðhættir:** „Nokkru fyrir vestan Stálið, austan megin við innra skipalægið á Stokkseyrarhöfn, er klöpp eða klappir, í fjörunni, sem heita Baðstofuklettur. Er sagt, að þar hafi bærinn Stokkseyri [1] staðið fyrrum, en verið fluttur undan sjó þangað sem hann er nú, og hafi baðstofutóft hins gamla bæjar lengst sést á Baðstofuklettum, er jarðvegurinn var að smábrotna undan rústinni. En það var lengi venja, að baðstofa var öftust húsa á hverjum bæ; og hafi hinn gamli bær snúið að sjó, þá hefir baðstofan verið fjærst sjó af bæjarhúsunum; svo þetta er að því leyti sennilegt. Lengi hefir bærinn þó staðið þar, sem hann er nú, því þá er þar var grafið fyrir kjallara, fyrir fám árum, komu menn niður á ýmsar hleðslur, er sumar lágu svo neðarlega að jafnlágt mundi nú flæðarmáli að hálf-föllnum sjó“ (BJ:9).

Baðstofuklettur eru í fjörunni um 300 m SA af Hólmaröst og um 200 m suður af Stokkseyrarkirkju [2]. Brimgarðurinn er um 400 m suður af klettunum út á sjó, Brimvarnargarðurinn er um 50 m vestan við klettana. Baðstofuklettarnir eru umluktir sjó. GPS punkturinn er tekinn í fjörunni næst klettunum, norður af þeim. Mögulegt er að ganga út á klettana vestan frá, í fjöru, en þar er landbrú frá brimvarnargarðinum. Brú þessi er um 20 m löng.

**Lýsing:** Baðstofuklettur eru svartar klappir/ sker í fjörunni. Þær eru grasi vaxnar að hluta en þarinn er aðalgróðurinn. Klettarnir eru mjög óreglulegir að stærð og lögun en ná um 1 m upp yfir sjávarmál. Klappirnar eru mjög jarðvegssnauðar og erfitt að sjá fyrir sér að á þeim hafi verið mannvirki. Engar minjar þess sjást. Klettarnir gætu hafa verið stærri eitt sinn en brimið gæti vel hafa brotið úr þeim.

**GPS:** E398384, N371779.

**Hættumat:** Hætta vegna sjávarbrots.

**Heimildaskrá:**

Brynjúlfur Jónsson. 1905. „Rannsókn í Árneshöfningi sumarið 1904.“ *Árbók hins íslenska forleifafélags*.

**165571-151-64**

**Sérheiti:** Aftanköld.

**Hlutverk:** Býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** „Aftanköld... aftan við bæinn á Stokkseyri [1]...“ (GJ:378). Þurrabúð: „Aftanköld var upphaflega skemma, er Jón Adólfsson byggði í Grímsfjösum byggði aftan við bæinn á Stokkseyri á árunum 1860-65, þá er hann fór að verzlá, sem stóð þó í skamma hríð. Nafnið var dregið af staðsetningu skemmunnar og því, að húsið þótti kalt. Það kemur fyrst fyrri í húsvitjun árið 1884 og bjó þar þá og lengi síðan Einar

Ólafsson, áður bóndi á Grjótæk. Árið 1900 skírði hann bæi sinn upp og kallaði Varmadal“ (GJ:378). „Varmidalur brann í Stokkseyrarbrunnum mikla árið 1926, og var íbúðarhúsið, sem nú er, byggt eftir brunann“ (GJ:393). Aftanköld eða Varmidalur stóð þar sem í dag er bílastæði milli vinnustofu Sjafnar Har og bæjarskrifstofu Stokkseyrar- þ.e.a.s. austan megin við vinnustofuna, vestan við bæjarskrifstofurnar og norðan við Hólmaröst. Árið 1910 bjó Jón Kristjánsson í Varmadal og var húsið þá „... timburhús að stærð 8 x 4 al. Hæð undir þak 3 ¼ al. stendur á steinlímdu grunni. Kjallari er undir húsinu 5 ½ x 4 ½ al. á hæð. Í grind hússins er tré 4” x 4”. Utan á hana er klætt með borðum utaná pappa og yzt alt járnvarið. Í vesturenda hússins er stofa 6 ½ x 4 ½ al. 2m gluggum. Í austurenda er eldhús 4 ½ x 3 al. Þar er líka herbergi 3 x 2 al. Í eldhúsinu er eldavél sem stendur við múrsteinspípur. Öll þessi herbergi eru á hæð undir loft 3 ½ al. og eru innréttuð með panel. Úr eldhúsi er uppgangur á loftið, sem er 3 ½ al. á hæð til mænis, en frá kjallaragólfi til mænis er 10 al. Með suðurhlið hússins er skúr byggður úr timbri og allur járnvarinn er 10 ½ x 3 ¾ al. þiljað sundur í tvent og í gegnum hann er inngangur til hússins. Með norðurhlið hússins er annar skúr 8 x 3 al. 3 ¾ al. á hæð er byggður úr sama efni og hinn skúrinn og allur járnvarinn“ (Húsakönnun á Stokkseyri). Húsið Varmidalur er enn til en hefur verið flutt, húsið sem ber nafnið í dag var byggt árið 1926 þar sem hitt stóð en var flutt frá bæjarhól Stokkseyrar árið 1983 á götuna Sólvelli, við sömu götu og Símonarhús og Vinaminni [121].

**Lýsing:** Engar leifar húss né húsgrunns eru sjáanlegar á bæjarhólnum enda mikið búið að hrófla við jarðveginum. Þar er í dag malarbílastæði.

**GPS:** E398429, N371928.

**Hættumat:** Engin hætta.

#### **Heimildaskrá:**

*Húsakönnun á Stokkseyri.* Kynning á fyrstu niðurstöðum. Umsjón með útgáfu: byggðasafn Árnesinga. Útgáfa í 30 fjölrituðum eintökum í september 2000 og 15 eintökum í febrúar 2001.

Grétar Zóphaníasson. Júní 2005.

#### **165571-151-72**

**Sérheiti:** Bakarí.

**Hlutverk:** Býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** „Bakarí svonefnt hefir verið reist fyrir aldamót. Það var brauðgerðarhús og íbúð bakaranna. Það stóð vestan við Helgahús [97], sunnan við Þingdalinn [13]. Hús þetta var seinast vöruskemmi Pöntunarfélags verkamanna, og úthlutaði félagið þar vörum til viðskiptamanna sinna. Bakaríið brann árið 1939. Þar stendur nú fiskþurrkunarhús“ (GJ: 379). „Hinn 25. júlí 1939 brann Brauðgerðarhúsið, sem var eign Verkalýðsfélagsins „Bjarma“, og glataðist þar margt hreppsskjala, þar á meðal fyrsta gerðabók hreppsnefndar“ (Saga Stokkseyrar: 110).

Bakaríið stóð þar sem Hólmaröst stendur nú, við vestari hlið þess húss. Alþýðuhúsið var reist á sama stað eftir að Bakaríið brann árið 1939 af verkamannafélaginu Bjarma „Það er nú eign hreppsins, notað sem áhaldahús og slökkvistöð (GJ:378).

**Lýsing:** Allt er horfið undir frystihúsið Hólmaröst.

**GPS:** E398369, N371964.

**Hættumat:** Engin hætta.

**Heimildaskrá:**

Grétar Zóphaníasson. Júní 2005.

Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*. Stokkseyringafélagið, Reykjavík.

Guðni Jónsson. 1960. *Stokkseyringa saga*. Fyrra bindi. Stokkseyringafélagið, Reykjavík.

**165571-151-73**

**Sérheiti:** Bjarmaland.

**Hlutverk:** Býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** Bjarmaland var Þurrabúð „Bjarmaland er byggt árið 1895 af Jóni Vigfússyni verzlunarmanni hjá Ólafi Árnasyni. Jón fór til Ameríku 1899 og seldi húsið þá Guðmundi kennara Vernharðssyni, sem bjó í því til dauðadags 1901. Eftir það var hús þetta lengi vöruheymsla Jóns kaupmanns Jónassonar, en síðan var það tekið til íbúðar aftur. Nafnið Bjarmaland kemur fyrst fyrir árið 1932, og bjó þar þá Guðjón Jónsson, áður bóndi á Leiðólfsstöðum“ (GJ: 380)

Bjarmaland var þar sem nú er húsið Hólmaröst.

**Lýsing:** Allt er horfið.

**GPS:** E398390, N371888.

**Hættumat:** Engin hætta, allt er horfið.

**Heimildaskrá:**

Grétar Zóphaníasson. Júní 2005.

Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*. Stokkseyringafélagið, Reykjavík.

**165571-151-74**

**Sérheiti:** Bjarnaborg.

**Hlutverk:** Býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** „Þurrabúð: Bjarnaborg er kennd við Bjarna formann Jónasson frá Magnúsfjósum, er bjó þar lengi. Húsið var byggt árið 1900 af Jóni bónda Grímssyni á Stokkseyri. Nafnið kemur fyrst fyrir í manntalið 1940“ (GJ:380). Bjarnaborg var tvílyft hús með skúr áföstum á norðurhliðinni. Á austurhliðinni voru 4 gluggar og auk þess var einn á viðbyggingunni. Bjarnaborg var norðvestan við kofa Pálmars húss [146], innan við tug metra, og norðan við hlöðu Bjarnahúss [139]. Bjarnaborg er um 10 m vestur af plani Skeljungs, um 10 m suður af Hásteinsvegi og um 30 m austur af

gatnamótum Hásteinsvegjar, Eyrarbrautar og Stjörnusteina. Húsið er tæpum 100 m norður af bæjarskrifstofu.

**Lýsing:** Húsið Bjarnaborg er enn uppstandandi en er nú mjög illa farið [2005], en þakið er nýtt. Húsið er á tveimur hæðum með áföstum skúr sem er á einni hæð sem er á norðurhlið hússins. Húsið virðist að einhverju leyti vera í viðgerð. Á austurhlið hafa verið fjórir gluggar en í dag eingöngu þrír, einn er á skúrnum. Á suðurhliðinni er einn gluggi. Gaflar snúa austur og vestur með inngang í vestur.

**GPS:** E398487, N371943.

**Hættumat:** Lítil hætta.

#### **Heimildaskrá:**

Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*. Stokkseyringafélagið, Reykjavík.

#### **165571-151-83**

**Sérheiti:** Félagshús.

**Hlutverk:** Skemma.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** „Félagshús nefndist vörugeymsluhús það hið mikla, sem Grímur í Nesi reisti á Stokkseyri árið 1893. Það var 36x12 álnir að stærð, þrjár hæðir og sterklega viðað og þiljað í hólf og gólf... Félagshúsið brann í Stokkseyrarbrunum mikla 9. – 10. des. 1926, en á grunni þess stendur nú Hraðfrystihús Stokkseyrar“ (GJ: 382-383). „Hótel Stokkseyri er byggt árið 1943 af hlutafélagi nokkurra manna og hefir verið rekið síðan sem gistihús og samkomustaður. Hóтелиð stendur að nokkru að grunni Félagshússins“ (GJ:385).

„Þriðja mannvirkið, sem Grímur réðst í, var að reisa vörugeymsluhús mikið á Stokkseyri. Vorið 1893 keypti hann timburfarm af norskum lausakaupmanni í Reykjavík. Flutti hann farminn á skipi sínu „Íslandi“ til Stokkseyrar og kom þangað 28. maí. Var unnið við smíði hússins um sumarið, unz fullgert var. Hús þetta var mikið stórhýsi, eftir því sem hér gerðist, 36 x 12 álnir að stærð, þrjár hæðir, sterklega viðað og þiljað í hólf og gólf. Það var seinna nefnt Félagshús og brann í brunum mikla 1926. Stórhýsi þetta setti staðarsvip á þorpið. Mörgum þótti bygging þessi í fyrstunni mesta ráðleysa, en það kom fljótt í ljós, að Grímur hafði séð betur. Slíkt hús var eitt af skilyrðum þess, að meiri háttar verzlunarstarfsemi gæti vaxið upp á Stokkseyri“ (Stokkseyringa saga:23).

Félagshús var þar sem húsið Hólmaröst er í dag.

**Lýsing:** Allt er horfið.

**GPS:** E398390, N371888.

**Hættumat:** Engin hætta.

#### **Heimildaskrá:**

Grétar Zóphaniásson. Júní 2005.

Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*. Stokkseyringafélagið, Reykjavík.

Guðni Jónsson. 1961. *Stokkseyringa saga*. Síðara bindi. Stokkseyringafélagði, Reykjavík.

#### 165571-151-84

**Sérheiti:** Góðtemplarahús.

**Hlutverk:** Samkomustaður.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** „Góðtemplarahús var reist fyrir aldamót [1900]. Það stóð fyrir framan Vinaminni [121], og gaf Grímur [Gíslason] í Nesi lóð undir það. Verkalýðsfélag Stokkseyrar keypti síðan húsið og flutti það þangað, sem það er nú. Var það um tíma aðalsamkomuhús hreppsins eða þar til er Gimli var byggt. Verkalýðsfélagið seldi húsið Andrési kaupmanni Jónssyni á Eyrarbakka, er verzláði þar um tíma. Af honum keypti Jón Adólfsson húsið, og verzláði hann þar einnig, unz hann seldi það Kaupfélagi Árnesinga, sem hefir rekið þar útbú síðan“ (GJ: 383-4).

Leifar hússins eru 4 metrum NV frá húsinu Hólmaröst, 30 m SA frá húsinu Gimli og 25 m S frá húsinu Skálafelli.

**Lýsing:**

Litlar leifar eru eftir veggj eða grunn hússins og sömuleiðis stéttin sem var framan við húsið. Járnleifar eru í steypunni og sennilega hefur húsið verið hvítmálað undir það síðasta. Engin gróður er á svæðinu, eingöngu möl, malbik og steypa. Ástandið er mjög slæmt þar sem nær ekkert er eftir af húsinu.

**GPS:** E398396, N371968.

**Hættumat:** Mikil hætta.

**Heimildaskrá:**

Grétar Zóphaniásson. Júní 2005.

Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*. Stokkseyringafélagið, Reykjavík.

#### 165571-151-97

**Sérheiti:** Ólafshús.

**Hlutverk:** Býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** „Ólafshús var kennt við Ólaf kaupmann Árnason, er byggði það um það leyti sem hann settist að á Stokkseyri 1895 eða næsta ár. Var það bæði verzlunar- og íbúðarhús Ólafs. Hinn 1. febr. 1907 seldi Ólafur kaupfélaginu „Ingólfi“ húsið og verzlunina. Eftir það bjó Helgi Jónsson verzlunarstjóri í húsinu allt til þess, er hann fluttist til Reykjavíkur 1926, og var það þá kallað Helgahús, sjá það. Hús þetta stóð syðst í Þingdalnum [13] og sunnan við hann. Það var rífið og flutt til Reykjavíkur um 1930. Þar eru nú fiskiskúrar, sem húsið stóð“ (GJ:388).

Ólafshús stóð þar sem í dag er malbikað svæði vestan við Hólmaröst. Það var u.þ.b. 15 m V frá Hólmaröst, 25 m S frá Gimli og 30 SV frá Góðtemplarahúsinu [084].

**Lýsing:** Engar leifar eru sjáanlegar af húsinu í dag [2005]. Eftir að Helgahús var rifið og flutt stóð þar húsið Sólvang (ur) [byggt 1941 (GJ:390)] og hjá því húsi kálgarður en það hús er líka horfið.

**GPS:** E398366, N371978.

**Hættumat:** Engin hættu.

**Heimildaskrá:**

Grétar Zóphaniásson. Júní 2005.

### 165571-151-126

**Sérheiti:** Bátatún.

**Hlutverk:** Uppsátur.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** Bátatún var svæði kallað sem er norðan við veitingahúsið *Fjöruborðið*, sunnan við Gimli og vestan við Hólmaröst.

**Lýsing:** Á Bátatúni voru bátar settir upp og geymdir. Bátatún var nýtt sem slíkt í mörg ár en hætt var að nýta það um miðja 20. öldina. Svæðið er mjög stórt en á því eru engar leifar sjáanlegar. Möl er á öllu Bátatúni.

**GPS:** E398357, N371989.

**Hættumat:** Mikil hættu.

**Heimildaskrá:**

Grétar Zóphaniásson. Júní 2005.

### 165571-151-127

**Sérheiti:** Sísíarbyrgi.

**Hlutverk:** Naust.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** Á svæðinu þar sem Sísíarbyrgi stóð er í dag veitingastaðurinn *Fjöruborðið*. Skýlið var norðan og innan við gamla sjóvarnargarðinn [130] sem í dag er horfinn af þessu svæði. Hann var lítilsháttar norðar en sjóvarnargarðurinn sem í dag [2005] er á þessu svæði.

**Lýsing:** Í Sísíarbyrgi voru bátar geymdir. Þar er í dag búið að byggja hús – veitingahúsið *Fjöruborði*- og að öðru leyti er þar möl. Engar leifar byrgisins eru sjáanlegar.

**GPS:** E398319, N371964.

**Hættumat:** Engin hættu.

**Heimildaskrá:**

Grétar Zóphaniásson. Júní 2005.

### 165571-151-128

**Sérheiti:** Jóhannesarklappir.

**Hlutverk:** Lending.

**Tegund:** Náttúruminjar.

**Staðhættir:** Jóhannesarklappir eru í fjörunni beint suður undan veitingahúsið Fjöruborðið og SV af Hólmaröst.

**Lýsing:** Jóhannesarklappir eru kolsvartar klappir í fjörunni sem mynda eins og þrjá voga. Á klöppunum vex gras og fjörugróður. Klappirnar heita eftir Jóhannesi sem var mjög „hagsýnn maður“. Þegar gamla bryggjan var byggð á Stokkseyri þá þurftu menn að borga hafnargjöld. Jóhannes þessi neitaði að borga gjöldin og lagði því við Jóhannesarklappir og lét menn sína þar skipa upp úr bátum og ganga með á land.

**GPS:** E398270, N371935.

**Hættumat:** Lítil hættu.

**Heimildaskrá:**

Grétar Zóphaniásson. Júní 2005.

### 165571-151-129

**Hlutverk:** Bryggja.

**Tegund:** Mannvirki.

**Staðhættir:** Um 30 m austur af bryggjunni í Stokkseyrarfjöru, 20 m beint niður undan útsýnispallinum sem er sunnan við kirkjuna [2] og ca. 50 m suður af Hólmaröst eru leifar gamallar bryggju.

**Lýsing:** Svartar klappir eru í fjörunni sem eitt sinn voru undirstöður gömlu uppskipunarbryggjunnar. Á henni voru brautarteinar sem notaðir voru til þess að flytja aflann á land. Járngleifar eru enn í klöppinni og mikið af járnöglum og skrúfum af öllum stærðum og gerðum, liggjandi á klöppinni. Allt í kring eru kolaleifar. Klöppin er um 10 x 4 m á stærð. Frá fjöruborði er klöppin um og yfir 1 m á hæð. Engin gróður er á klöppinni.

**GPS:**E398361, N371848.

**Hættumat:** Mikil hættu.

**Heimildaskrá:**

Grétar Zóphaniásson. Júní 2005.

### 165571-151-130

**Hlutverk:** Varnargarður.

**Tegund:** Garðlag.

**Staðhættir:** „Um þær mundir sem Stokkseyrarkirkja var endurbyggð og söfnuðurinn tók við henni 1886, lofuðu sóknarmenn að byggja öflugan sjógarð til varnar kirkjunni, ... Það var ekki fyrr en haustið 1890, að hafin var bygging fyrsta sjógarðsins, sem því nafni má nefna, á Stokkseyri fyrir forgöngu Gríms Gíslasonar í Óseyrarnesi, sem var þá aðaleigandi jarðarinnar“ (Stokkseyringa saga I:28).

„Var lagður grundvöllurinn meir en 100 faðma á lengd og niður grafinn um 2 og 3 álnir. Garðurinn var á breidd ofan jarðar 6 álnir, og á hæð á hann að vera 5 álnir; enn er eigi meir komið á hæðina en 4 álnir, en víða yfir mannhæð eystri hlutinn, sem er á austurenda garðsins á móts við fjörumörk, skammt fyrir austan kirkjugarð; en lítið hlið er á honum móts við kirkju og annað stórt, sem búið er að mynda vestur við bæinn á Stokkseyri fyrir skipa uppsetning, þá stórflóða er von. Þar er garðurinn grafinn fulla mannhæð niður í jörð, alls staðar 2 álnir á breidd sjávarmegin, og gengur hann jafnt upp beggja vegna með þeim fláa, að hann verður eigi meir en 2 álna þykkur að ofan, í 5 álna hæð ofan jarðar, og er garðurinn snillilega vel hlaðinn og klípur klemmdar í holur, svo að vel mætti kalka hann og sementa. ... allt grjótt er flutt ofan úr heiði langan veg, ...“ (Stokkseyringa saga I:29).

„Þessi sjógarður á Stokkseyri er eitt það mesta mannvirki, sem byggt hefir verið af sjálfum Íslendingum hér á landi, og einkum ef garðurinn kæmist upp, eins og þörfin útkerfur og menn hafa um talað, að koma honum á endilangan bakka fyrir allt Stokkseyrarhverfið, sem er eigi minna en 1000 faðmar að vegalengd“ (Stokkseyringa saga I:30).

„Ólafur kaupmaður Árnason keypti Dvergasteina 1898 og lét byggja sjógarð fyrir landi þeirra nálægt aldamótum. Þannig smábyggðist garðurinn austur eftir, og fyrir eða um 1920 náði hann austur á móts við Hellukot. Nú í dag nær hann austur á móts við Rauðarhóla. Vestan við Stokkseyrarbæ var garðurinn og smálengdur vestur á móts við Kalastaði“ (Stokkseyringa saga I:30).

„Í þriðja lagi var unnið að sjógarðinum fyrir vestanverðu Stokkseyrarlandi, þ.e. frá Kalastöðum og út að Hraunsá. Það verk var unnið á vegum hlutafélagsins „Njarðar“, sem síðar verður getið. Garður sá var lagður á árunum 1907-1910. Hann var talinn 900 faðmar á lengd, 8-10 fet á breidd að neðan og 4 fet að ofan, en hæðin 4-6 fet. ... Víða hefir hlaðizt svo mikill sandur að þeim sjávarmegin, að nærri jafnhátt garðinum sjálfum, og er honum þá lítil hætta búin“ (Stokkseyringa saga I:32).

Þessi gamli sjóvarnargarður á Stokkseyri stendur enn að hluta en hefur misst hlutverk sitt eftir að nýi sjóvarnargarðurinn var gerður eftir óveður sem gekk yfir árið 1990.

Leifar sjóvarnargarðsins gamla eru vel standandi við kirkjuna og myndar kirkjugarðsvegg í suðri. Veggurinn liggur allt austur fyrir Eystra-Íragerði. Frá Kirkjugarðsveggnum í vesturátt er veggurinn ekki nema um 1,5 m að lengd og 1 m á hæð. Upphaflega lá veggur þessi frá kirkjugarðinum í vestri og áfram þar sem nú er suðurveggur Hólmarastar og þaðan vestur að Hraunsá.

**Lýsing:** Garðurinn þar sem hann er við Íragerði er nánast ekki sjáanlegur lengur heldur kominn undir gróður að hluta en þó er augljóst hvar hann er þar sem landið hækkar furðu mikið við garðinn. Við kirkjuna sér mjög vel móta fyrir veggnum en þar stendur hann vel og er hlaðinn úr ótilhöggnu grjóti. Við enda garðsins þar sem hann er milli kirkju og hússins Hólmarastar hefur verið steipt fyrir endann í þeim tilgangi að halda grjótinu á sínum stað. Kirkjugarðsveggurinn sem gengur u.þ.b. í norðaustur suðvestur er steiptur og gengur að hluta inn í gamla sjóvarnargarðinn þar sem hann myndar kirkjugarðsvegginn í NV-SA.

**GPS:** E398403, N371872.

**Hættumat:** Mikil hætta.

**Heimildaskrá:**

Grétar Zóphaniásson. Júní 2005.

Guðni Jónsson. 1960. *Stokkseyringa saga*. Fyrri bindi. Stokkseyringafélagið, Reykjavík.



### 165571-151-131

**Hlutverk:** Pakkhús, Veiðarfæraskúr.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** Pakkhús frá Jóni Jónassyni og veiðarfæraskúr virðist hafa verið suðaustur frá Gimli eða á Bátatúni [126]. Húsið hefur staðið fremur skammt norður af sjóvarnargarðinum gamla [130].

**Lýsing:** Pakkhúsið er horfið og engar leifar þess sjáanlegar en húsið sést á ljósmynd eftir Harald Blöndal og húsið hefur verið á einni hæð með risi, með glugga á risi vesturhlíðarinnar. Gaflar hússins hafa snúið mót vestri og austri.

**GPS:** E398357, N371989.

**Hættumat:** Engin hætta.

#### Heimildaskrá:

*Ljósmyndarinn í þorpinu. Haraldur Blöndal. 1983. Myndatextar: Inga Lára Baldvinsdóttir. Metri- Svart á hvítu, Reykjavík.*

### 165571-151-132

**Hlutverk:** Geymsla.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** Salthús var í eigu Jóns Sturlaugssonar hafnsögumanns sem var fæddur 1868-1938 (Íslendingabók). Salthús þetta var austan megin við þar sem áður stóð Verslun Andrésar Jónssonar [84], vestan við Saumhögg [133] og norðan við Ólafshús [97].

**Lýsing:** Allt er horfið.

**GPS:** E398394, N371976.

**Hættumat:** Engin hætta.

#### Heimildaskrá:

*Ljósmyndarinn í þorpinu. Haraldur Blöndal. 1983. Myndatextar: Inga Lára Baldvinsdóttir. Metri- Svart á hvítu, Reykjavík.*

Heimasíða íslendingabókar. Slóðin er: [www.islendingabok.is](http://www.islendingabok.is).

### 165571-151-133

**Sérheiti:** Saumhögg.

**Hlutverk:** Óþekkt.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** Húsið Saumhögg stóð sunnan Hótel Stokkseyri, þar sem frystiklefi Hólmarastar er í dag í norðausturhorni hússins. Húsið var flutt og er nú vestan við Laufás og er þar enn í sömu mynd.

**Lýsing:** Öll merki þess að húsið hafi staðið á Stokkseyrarbæjarhólnum eru með öllu horfin undir Frystihúsið Hólmaröst. Aldur hússins er ókunnur.

**GPS:** E398426, N371890.

**Hættumat:** Lítil hættu.

**Heimildaskrá:**

Pétur Guðmundsson. 7. Júlí 2005.

*Ljósmyndarinn í þorpinu. Haraldur Blöndal. 1983. Myndatextar: Inga Lára Baldvinsdóttir. Metri- Svart á hvítu, Reykjavík.*

### 165571-151-134

**Sérheiti:** Gamla frystihúsið.

**Hlutverk:** Frystihús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** Gamla frystihúsið stóð vestan við Stóra pakkhúsið [135], sunnan við Stokkseyrarhlaðið [140] þar sem það rann í austur/vestur. Húsið var norðan við Ólafshús. Sennilega var húsið þar sem nú er norðurhlið Hólmarastar.

**Lýsing:** Allar minjar Gamla frystihússins eru með öllu horfnar en húsið hefur verið á einni hæð með lofti ef miðað er við ljósmynd eftir Harald Blöndal. Mæninirinn var ekki fyrir miðju húsinu heldur meira sunnan megin. Gaflar hússins snúa mót austri og vestri og inngangur gæti hafa verið í vestri. Margir hlerar og gluggar voru á vesturhliðinni. Aldur hússins er ókunnur.

**GPS:** E398409, N371946.

**Hættumat:** Engin hættu.

**Heimildaskrá:**

*Ljósmyndarinn í þorpinu. Haraldur Blöndal. 1983. Myndatextar: Inga Lára Baldvinsdóttir. Metri- Svart á hvítu, Reykjavík.*

### 165571-151-135

**Sérheiti:** Stóra pakkhúsið.

**Hlutverk:** Pakkhús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** Stóra pakkhúsið var austan megin við gamla frystihúsið, suðvestan við Stokkseyrarkirkju og norðan við Ólafshús (verslunina Ingólf). Stóra pakkhúsið stóð þar sem nú er norðaustur hornið á frystihúsinu Hólmaröst. Grímur „faðir“ Stokkseyrar lét byggja pakkhúsið en ekki er ljós hvenær en sennilega á síðustu áratugum 19. aldar.

**Lýsing:** Merki um Stóra pakkhússið eru með öllu horfin, og grunnurinn kominn undir frystihúsið Hólmaröst. Húsið var þó áður stórt timburhús á þremur hæðum. Það var með fjölda glugga og hlera en það má sjá á ljósmynd eftir Harald Blöndal. Húsið var

mjög reisulegt á fyrri hluta 20. aldar. Ekki er gott að segja hvar gengið var inn í húsið en gaflarnir sneru í austur og vestur (Haraldur Blöndal).

**GPS:** E398426, N371890.

**Hættumat:** Engin hættu.

**Heimildaskrá:**

Helgi Ívarsson. 7. júlí 2005.

*Ljósmyndarinn í þorpinu. Haraldur Blöndal. 1983. Myndatextar: Inga Lára Baldvinsdóttir. Metri- Svart á hvítu, Reykjavík.*

**165571-151-136**

**Hlutverk:** Býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** „Stokkseyri nefndust einu nafni mörg hús, er risu smám saman upp hið næsta Stokkseyrarbæjunum gömlu [1]. Hús þessi voru um 15-20 að tölu, og töldust íbúar þeirra eiga heima á Stokkseyri án frekari aðgreiningar. Nú er þó svo komið, að ýmist hafa hús þessi fengið sérstök nöfn eða þau hafa horfið úr sögunni, svo að eftir er aðeins eitt hús, sem kallað er Stokkseyri. Það er Verzlunarhús og áður jafnframt íbúðarhús Ásgeirs kaupmanns Eiríkssonar, er stendur á sama stað sem gamli Stokkseyrarbærinn (austurbærinn). Þarna var íbúðarhús Pálmars bónda [Pálssonar] á Stokkseyri, en hann seldi það Sigurði Ingimundarsyni kaupmanni, er bjó þar og verzladi þar fá ár. Síðan eignaðist Ásgeir Eiríksson húsið, en það brann í Stokkseyrarbrunnum mikla 1926. Hús það, er nú stendur þar, byggði Ásgeir aftur eftir brunnum og hefir rekið þar verzlun síðan“ (GJ:391).

Hús Sigurðar Ingimundarsonar var háreist hús sunnan við Sigurðarhús [144] og norðan við Stóra pakkhúsið [135]. „Vorið 1914 opnaði Sigurður Ingimundarson frá Dvergasteinum nýja verzlun á Stokkseyri. Keypti hann hús Pálmars Pálssonar, byggði vestan við það og svo hæð yfir það allt. Innréttaði hann fyrir verzlunina á neðri hæðinni, en efri hæðin var íbúð. ... haustið 1923 varð hann að hætta verzlun sinni vegna fjárskorts“ (Stokkseyringa saga:47).

Pálmars hús [byggt 1911-12 (GJ:388)] er í dag 20 m suður af Eyrarbraut og um 30 m vestur af gatnamótum Stjörnusteina, Eyrarbrautar og Hásteinsvegar. Húsið er um 10 m vestur af listaskála Sjafnar Har.

**Lýsing:** Húsið var á tveimur hæðum með viðbyggingu að aftan (austanverðu). Það stóð sunnan við Sigurðarhús og norðan við Stóra pakkhúsið. Milli þessa húss og kirkjugarðsins, sem er austan við, var Stokkseyrarhlaðið og vestan við það Adolfs hús. Í dag er húsið í góðu ásigkomulagi. Það er timburklætt, tveggja hæða hús með áföstum skúr á einni hæð. Í skúrnum er gengið inn í húsið úr austri en húsið snýr NV-SA. Á austurhliðinni eru tveir gluggar, einn á norðurhliðinni og tveir á 2 gluggar á suðurhliðinni.

**GPS:** E398436, N371898.

**Hættumat:** Engin hættu.

**Heimildaskrá:**

Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*. Stokkseyringafélagið, Reykjavík.

*Ljósmyndarinn í þorpinu. Haraldur Blöndal. 1983. Myndatextar: Inga Lára Baldvinsdóttir. Metri- Svart á hvítu, Reykjavík.*

**165571-151-137**

**Hlutverk:** Fjós

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** Fjós Jóns Jónassonar (sjá eignir hans einnig í [147 og 148]. Fjósið er suður af Hlöðu og fjósi frá Bjarnahúsi [139]. Það var vestan við Varmadal [64] þar sem nú er bílastæði norðan við Hólmaröst, vestur af bæjarskrifstofum Stokkseyrar og austur af listaskála Sjafnar Har. Húsið virðist hafa verið nokkuð nálægt því svæði er listaskálinn stendur en í dag eru engar minjar þess sjáanlegar.

**Lýsing:** Engar minjar eru sjáanlegar í dag.

**GPS:** E398426, N371958.

**Hættumat:** Engin hætta.

**Heimildaskrá:**

*Ljósmyndarinn í þorpinu. Haraldur Blöndal. 1983. Myndatextar: Inga Lára Baldvinsdóttir. Metri- Svart á hvítu, Reykjavík.*

**165571-151-138**

**Sérheiti:** Adolphshús/ Adólfshús.

**Hlutverk:** Býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** Adólfshús (eða Adolphshús) er kennt við Adólf Adólfsson á Stokkseyri. Talið er, að hann hafi byggt hús þetta árið, sem hann sleppti ábúðinni á Stokkseyri, þ.e. 1889, og víst er um það, að hús Adólfs var hið eina þar í hverfinu, sem skattskilyt var árið 1890. Adólfshús er því með vissu elzta húsið, sem nú er uppistandandi á Stokkseyri og eftir því, sem næst verður komizt, fyrsta járnvarða timburhúsið, sem þar var reist. Þar bjó Adólf til dauðadags 1913. (GJ:387). „Árið 1940 byggði Jón [147] nýja búð við austurendann á gamla vörugeymsluhúsinu (Adólfshúsi) og hafði þar verzlun sína eftir það, ...“ (Stokkseyringa saga:46).

Húsið stóð norðaustan við Stóra pakkhúsið [135], suður af Sigurðarhúsi [144] og austur af húsi Sigurðar Ingimundarsonar [136].

**Lýsing:** Adólfshús virðist, samkvæmt ljósmynd, vera á einni hæð með risi og fáum gluggum. Húsið virðist vera með járnklæðningu sem á fyrri hluta 20. aldar var illa farin. Gaflarnir snúa norður/ suður og virðist sem gengið sé inn í húsið austanvert (Haraldur Blöndal).

**GPS:** E398436, N371898.

**Hættumat:** Engin hætta.

**Heimildaskrá:**

Helgi Ívarsson. 7. júlí 2005.

*Ljósmyndarinn í þorpinu. Haraldur Blöndal. 1983. Myndatextar: Inga Lára Baldvinsdóttir. Metri- Svart á hvítu, Reykjavík.*

### 165571-151-139

**Hlutverk:** Hlaða, fjós.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** Hlaða og fjós tilheyrðu Bjarnahúsi [75]. Hús þessi voru þétt norðan við fjós Jóns Jónssonar [137] og vestan við Adólfshús [138]. Húsin voru norðan megin við Stokkseyrarhlaðið þar sem það liggur austur/vestur. Húsin voru nokkurnvegin þar sem í dag er bílastæði norðan við Hólamröst, austan við listaskála Sjafnar Har og vestan við bæjarskrifstofur Stokkseyrar (Haraldur Blöndal).

Lýsing: Allar minjar eru horfnar.

**GPS:** E398429, N371928.

**Hættumat:** Engin hætta.

### Heimildaskrá:

*Ljósmyndarinn í þorpinu. Haraldur Blöndal. 1983. Myndatextar: Inga Lára Baldvinsdóttir. Metri- Svart á hvítu, Reykjavík.*

### 165571-151-140

**Sérheiti:** Stokkseyrarhlað.

**Hlutverk:** Leið.

**Tegund:** Örnefni.

**Staðhættir:** Samkvæmt heimildamann var hlað þar sem nú er á milli Sáluhliðs Stokkseyrarkirkju [2] og frystihússins Hólmarastar. Það var lengi vel miðdepill Stokkseyrar enda mjög miðsvæðis með höfuðbólín vestan við, kirkjuna austan við og lendinguna fyrir neðan. Þjóðgatan lá í gegnum hlaðið og þaðan á Eyrarbakka. Það svæði er í dag ekki ýkja stórt en þar liggur malarvegur í dag.

**Lýsing:** Í dag [2005] er hlaðið malarvegur og ekki gott að segja hvort hann sé að hluta til hið upphaflega hlað. Hluti hlaðsins hefur verið malbikaður en það er annars að mestu leyti mölarbörð.

**GPS:** E398426, N371890.

**Hættumat:** Mikil hætta.

### Heimildaskrá:

Helgi Ívarsson. 7. júlí 2005.

### 165571-151-141

**Hlutverk:** Skúrar

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** Skúrar stóðu suðvestan við Stokkseyrarkirkju [2], suðaustan við Stóra pakkhúsið [135] og upp við gamla sjóvarnargarðinn [130].

**Lýsing:** Skúrar þessir voru lágreistir en ekki er unnt að gera sér grein fyrir stærð, lögun og byggingarefni þar sem þeir birtast eingöngu á ljósmynd. Nú eru allir skúrar á svæðinu með öllu horfnir enda mikið jarðrask verið á því svæði (Haraldur Blöndal).

**GPS:** E398403, N371872.

**Hættumat:** Engin hættu.

**Heimildaskrá:**

*Ljósmyndarinn í þorpinu. Haraldur Blöndal. 1983. Myndatextar: Inga Lára Baldvinsdóttir. Metri- Svart á hvítu, Reykjavík.*

### 165571-151-142

**Hlutverk:** Fiskibyrgi.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** Fiskibyrgi stóð við skúrana sem voru suðvestan við kirkjuna [2] og suðaustan við Stóra pakkhúsið [135]. Skúrnir stóðu upp við gamla sjóvarnargarðinn [130].

**Lýsing:** Ekki er unnt að gera sér grein fyrir stærð Fiskibyrgisins, lögun og efni þar sem það birtast eingöngu mjög óskýrt á ljósmynd. Í dag er fiskibyrgið með öllu horfið enda mikið jarðrask verið á því svæði (Haraldur Blöndal).

**GPS:** E398403, N371872.

**Hættumat:** Engin hættu allt er horfið.

**Heimildaskrá:**

*Ljósmyndarinn í þorpinu. Haraldur Blöndal. 1983. Myndatextar: Inga Lára Baldvinsdóttir. Metri- Svart á hvítu, Reykjavík.*

### 165571-151-143

**Hlutverk:** Skúrar

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** Skúrar eru frá Sigurðarhúsi [144], þeir voru vestan við Stokkseyrarhlaðið [140] og austan megin og mjög þétt við Sigurðarhús. Kirkjugarðurinn norðanverður var gegnt skúrunum austan megin við hlaðið. Skúrnir voru nokkurnveginn þar sem Bæjarskrifstofurnar eru í dag [2005] [1] eða mitt á milli þeirra og Skeljungssjoppunnar. GPS punkturinn er tekinn við Bæjarskrifstofunum.

**Lýsing:** Skúrar þessir hafa verið á einni hæð og á að giska yfir tugur metra á lengd. Breiddin var u.þ.b. 1/3 lengdarinnar. Þakið flatt. Engar minjar eru sjáanlegar í dag (Haraldur Blöndal).

**GPS:** E398436, N371898.

**Hættumat:** Engin hættu.

**Heimildaskrá:**

*Ljósmyndarinn í þorpinu. Haraldur Blöndal. 1983. Myndatextar: Inga Lára Baldvinsdóttir. Metri- Svart á hvítu, Reykjavík.*

### 165571-151-144

**Sérheiti:** Sigurðarhús.

**Hlutverk:** Býli

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** „Sigurðarhús er kennt við Sigurð Einarsson verzlunarmann á Stokkseyri, er þar bjó lengi. Húsið er byggt árið 1899 af Eiríki Jónssyni trésmið frá Ási í Holtum, en Jón Adólfsson kaupmaður og Sigurgeir Jónsson verzlunarmaður bjuggu þar fyrst“ (GJ:389).

Sigurðarhús var norðan við hús Sigurðar Ingimundarsonar [136] vestan við Stokkseyrarkirkjugarð. Stokkseyrarhlað [140] er vestan megin við Sigurðarhús. Húsið hefur staðið um það bil þar sem í dag standa bæjarskrifstofur Stokkseyrar og er GPS punkturinn tekinn þar.

**Lýsing:** Sigurðarhús var tvílyft hús með tveimur kvistgluggum á austurhliðinni. Húsið hefur verið með 6 gluggum. Verslun Jóns Magnússonar [145] er byggð við Sigurðarhús að norðanverðu. Í dag eru engin merki þess að þetta hús hafi eitt sinn staðið á svæðinu, sjáanleg enda mikið jarðrask orðið síðan það hvarf.

**GPS:** E398436, N371898.

**Hættumat:** Engin hættu.

**Heimildaskrá:**

*Ljósmyndarinn í þorpinu. Haraldur Blöndal. 1983. Myndatextar: Inga Lára Baldvinsdóttir. Metri- Svart á hvítu, Reykjavík.*

## 165571-151-145

**Sérheiti:** Verslun Jóns Magnússonar

**Hlutverk:** Verslun og pakkhús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** Pakkhús var byggt við verslun Jóns Magnússonar að vestanverðu en verslun Jóns Magnússonar var byggð við Sigurðarhús [144] norðanvert. Verslunin var gengt kirkjugarði Stokkseyrarkirkju [2] en Stokkseyrarhlaðið [140] rann á milli garðs og húss. GPS punkturinn er tekinn við Bæjarskrifstofuhúsnæði Stokkseyrar en það stendur um það bil á því svæði sem verslunin stóð.

**Lýsing:** Verslunin var á tveimur hæðum auk riss með 5 glugga á norðurgaflinum og engum á austurgaflinum. Aðrar hliðar hússins sjást ekki á mynd en sennilega voru engir gluggar á suðurhliðinni þar sem hún er föst við Sigurðarhús [144]. Pakkhúsið er svo fast við verslunina að vestanverðu svo sennilega er lítið um glugga þar. Ekki er gott að sjá hvort um er að ræða timburklæðningu eða bárujárn en bæði koma sterkt til greina. Engar minjar þessara húsa eru sjáanlegar í dag.

**GPS:** E398436, N371898.

**Hættumat:** Engin hættu.

**Heimildaskrá:**

*Ljósmyndarinn í þorpinu. Haraldur Blöndal. 1983. Myndatextar: Inga Lára Baldvinsdóttir. Metri- Svart á hvítu, Reykjavík.*

Pétur Guðmundsson. 7. júlí 2005.

## 165571-151-146

**Hlutverk:** Útihús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** Kofi frá Pálmarshúsi sést á ljósmynd sennilega frá 1921-25 [136] og stóð hann sunnan við Bjarnaborg [74] og vestan við hlöðu Bjarnahúss [139] og vestan við pakkhús verslunar Jóns Magnússonar [145].

**Lýsing:** Engar minjar eftir kofann eru sjáanlegar í dag.

**GPS:** E398487, N371943.

**Hættumat:** Engin hætta.

**Heimildaskrá:**

*Ljósmyndarinn í þorpinu. Haraldur Blöndal. 1983. Myndatextar: Inga Lára Baldvinsdóttir. Metri- Svart á hvítu, Reykjavík.*

**165571-151-147**

**Sérheiti:** Jónshús.

**Hlutverk:** Býli.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** „Læknishús var byggt af Eiríki Jónssyni trésmið frá Ási í Holtum, líklega 1898, og seldi hann það Guðmundi lækni Guðmundssyni, síðar í Stykkishólmi.

Guðmundur læknir sat 3 ár á Stokkseyri (1898-1901) og bjó í þessu húsi, og var það þá við hann kennt. Það var seinna verzlunar- og íbúðarhús Jóns kaupmanns Jónassonar og brann 25. sept. 1929 (GJ:387).

Jónshús hefur verið mjög nálægt sjóvarnargarðinum gamla [140] og u.þ.b. þar sem er nú sunnan við Gimli, þar sem var Bátatún [126]. Pakkhús og veiðarfæraskúr Jóns Jónassonar [131] voru á sama svæði.

**Lýsing:** Jónshús var háreist hús með þremur gluggum á austurhliðinni. Ekki er gott að sjá úr hvaða efnum húsið var byggt eða klætt. Ólíklegt er þó að það sé byggt úr öðru en timbri.

**GPS:** E398357, N371989.

**Hættumat:** Engin hætta.

**Heimildaskrá:**

Guðni Jónsson. 1960. *Stokkseyringa saga*. Fyrri bindi. Stokkseyringafélagið, Reykjavík.

*Ljósmyndarinn í þorpinu. Haraldur Blöndal. 1983. Myndatextar: Inga Lára Baldvinsdóttir. Metri- Svart á hvítu, Reykjavík.*

**165571-151-148**

**Hlutverk:** Heyhlaða.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** „Nokkrir húsbrunnar hafa orðið á Stokkseyri á síðustu áratugum. Þeirra miklu mestur var bruninn, sem varð nóttina 9.-10. des. 1926“ (Stokkseyringa saga



I:110). Þá brann „...heyhlaða með miklu heyi, eign Jóns Jónassonar hreppsstjóra...“ (Stokkseyringa saga I:110).

Staðsetning er óviss en sennilega var heyhlaðan í námunda við fjós Jóns Jónassonar [137]. Fjósið var suður af Hlöðu og fjósi frá Bjarnahúsi [139]. Það var vestan við Varmadal [64] þar sem nú er bílastæði norðan við Hólmaröst, vestur af bæjarskrifstofum Stokkseyrar og austur af listaskála Sjafnar Har.

**Lýsing:** Allt horfið.

**GPS:** E398394, N371976.

**Hættumat:** Engin hætta.

**Heimild:**

Guðni Jónsson. 1960. *Stokkseyringa saga*. Fyrri bindi. Stokkseyringafélagið, Reykjavík.

*Ljósmyndarinn í þorpinu. Haraldur Blöndal*. 1983. Myndatextar: Inga Lára Baldvinsdóttir. Metri- Svart á hvítu, Reykjavík.

**165571-151-149**

**Hlutverk:** Íshús.

**Tegund:** Heimild.

**Staðhættir:** „Nokkrir húsbrunar hafa orðið á Stokkseyri á síðustu áratugum. Þeirra miklu mestur var bruninn, sem varð nóttina 9.-10. des. 1926“ (Stokkseyringa saga I:110). Þá brann „...íshúsið á Stokkseyri, eign Jóns Sturlaugssonar hafnsögumanns“ (Stokkseyringa saga I:110).

Staðsetning íshússins er óviss en sennilega ekki langt frá sjó eða salthúsi Jóns Sturlaugs [132]. Salthúsið var við húsið Saumhögg [133], vestan við gamla frystihúsið [134], sunnan Varmadal sem stóð gengt salthúsinu hinum megin við Stokkseyrarhlað [140]. Salthúsið virðist vera þannig staðsett að það sé nú komið undir norðurhlið Hólmarastar.

**Lýsing:** Allt horfið.

**GPS:** E398394, N371976.

**Hættumat:** Engin hætta.

**Heimild:**

Guðni Jónsson. 1960. *Stokkseyringa saga*. Fyrri bindi. Stokkseyringafélagið, Reykjavík.

*Ljósmyndarinn í þorpinu. Haraldur Blöndal*. 1983. Myndatextar: Inga Lára Baldvinsdóttir. Metri- Svart á hvítu, Reykjavík.

## Niðurstöður – samantekt

### Fornleifar í landi Stokkseyrar

Við skráninguna var að stuðst við svæðisskráningu fornleifa á Stokkseyri sem gerð var af Fornleifastofnun Íslands.

### Fjöldi minja á deiliskipulagssvæðinu

Jörð	Fjöldi minja	Minjar skráðar á vettvangi	Horfnar minjar
Stokkseyri	40	12	28

Í landi Stokkseyrar eru skráðar í svæðisskrá 125 fornleifar en eftir skráningu minja á vettvangi fjölgaði minjunum í 149. Um 40 þeirra eru innan deiliskipulagssvæðis. Af þeim minjum sem voru innan svæðisins voru 12 fornleifar enn greinilegar á yfirborði en 28 fundust ekki. Þessar minjar voru skráðar á vettvangi á bæjarhól [1] gamla Stokkseyrabæjarins, hluti sjóvarnargarðs [130] frá árinu 1890, Baðstofuklettur [62], Aftanköld [64], Bjarnaborg [74], Góðtemplarahús [84], Bátatún [126], Jóhannesarklappir [128], Bryggja [129], Saumhögg [133], Pálmarshús [136] og Stokkseyrarhlað [140].

### Niðurlag

Elstu minjarnar á deiliskipulagssvæðinu er líklega bæjarhóll Stokkseyrar, sem þó í raun er ekki bæjar„hóll“ sem slíkur. Ekki er vitað um aldur hans en „Lengi hefir bærinn þó staðið þar, sem hann er nú, því þá er þar var grafið fyrir kjallara, fyrir fám árum, komu menn niður á ýmsar hleðslur, er sumar lágu svo neðarlega að jafnlagt mundi nú flæðarmáli að hálf-föllnum sjó“ (BJ:9). Stokkseyri var numin á Landnámsöld en hvort býlið hafi staðið þar sem það síðast stóð er ekki vitað. Fáar minjar eru sjáanlegar á deiliskipulagsreitnum en flestar minjarnar eru komnar undir byggingar frystihússins Hólmarastar. Mikið hefur verið hreyft við jarðvegi svæðisins svo ætla má að lítið sé að finna neðanjarðar næst Hólmaröst, hinsvegar má vænta þess að minjar leynist undir yfirborði víðar á deiliskrárreitnum þar sem svæðið var mikið verslunar- og athafnasvæði í nokkrar aldir.

Flestar heimildir sem segja til um húsakost og annað á jörðinni eru ekki eldri en kringum aldamótin 1900 en ætla má að fjöldi húsa og annarra minja hafi staðið á svæðinu mikið lengur. Allt í kring um deiliskipulagsreitinn stóð fjöldi verbúða, frá höfninni réru menn til fiskjar og á reitnum sjálfum var verslað og því er ljóst að þessi reitur hefur verið heilmikið athafnasvæði. Aldur flestra minjanna sem skráðar voru er svipaður eða frá því á síðari hluta 19. aldar og fram á þá 20. Reikna má með að allar minjarnar sem skráðar voru innan svæðisins teljist til fornleifa samkvæmt skilgreiningu Þjóðminjalaga (Þjml nr. 107/2001, 9gr).

Öllum minjum á Deiliskipulagssvæðinu stafar hættu af fyrirhuguðum framkvæmdum, og búsetu í kring.

Margar minjar hafa horfið við framkvæmdir á síðastliðnum áratugum. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborðinu þótt þeirra sjái ekki stað ofanjarðar. Það er því mikilvægt að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum. Slíkar framkvæmdir ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar.

## Heimildaskrá

Brynjúlfur Jónsson. 1905. „Rannsókn í Árneshöfði sumarið 1904.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags*.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn*. Fjórtaða bindi. 1944-1949. 1551-1567. Gefið út af Hinu íslenska bókmenntafélagi, Reykjavík.

Gísli Gestsson. 1956. „Árneshöfði milli Hvítár og Þjórsár.“ *Árbók 1956*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.

Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*. Stokkseyringafélagið, Reykjavík.

Guðni Jónsson. 1960. *Stokkseyringa saga*. Fyrri bindi. Stokkseyringafélagið, Reykjavík.

Guðni Jónsson. 1961. *Stokkseyringa saga*. Síðara bindi. Stokkseyringafélagið, Reykjavík.

*Húsakönnun á Stokkseyri*. Kynning á fyrstu niðurstöðum. Umsjón með útgáfu: byggðasafn Árnesinga. Útgáfa í 30 fjölrituðum eintökum í september 2000 og 15 eintökum í febrúar 2001.

*Ljósmyndarinn í þorpinu. Haraldur Blöndal*. 1983. Myndatextar: Inga Lára Baldvinsdóttir. Metri- Svart á hvítu, Reykjavík.

Túnakort [1920]. *Stokkseyri (austurtún)*. Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort [1920]. *Stokkseyri (vesturtún)*. Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

## Munnleg heimild

Grétar Zophaníasson. Júní 2005.

Helgi Ívarsson. 7. júlí 2005.

Pétur Guðmundsson. 7. Júlí 2005.

## Myndir

Guðni Jónsson. 1960. *Stokkseyringa saga*. Fyrri bindi. Stokkseyringafélagið í Reykjavík gaf út. Bls.41.

Guðni Jónsson. 1961. *Stokkseyringa saga*. Síðara bindi. Stokkseyringafélagið í Reykjavík gaf út. Bls. 26.